

BORGARRÁÐ 19. október 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um búsetu í ósamþykktu húsnæði – MSS23100165

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað talið er að margir búi í húsnæði sem ekki er skráð sem íbúðarhúsnæði og standist því mögulega ekki öryggismat. Nýlega lést einstaklingur af sárum sínum í kjölfar bruna sem varð í atvinnuhúsnæði. Brunar í ósamþykktu húsnæði hafa færst í aukana síðustu misseri. Þessi mál hafa oft verið rædd í borgarstjórn sérstaklega eftir mannskæðan bruna á Bræðraborgarstíg.